

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/1688
komudagur 6.4.2004

Bjarnarbraut 2
310 Borgarnes
Sími: 437-1209
Fax: 437-1309



Sýslumaðurinn í Borgarnesi

5. apríl 2004

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Athugasemd við frumvarp til ábúðarlaga, 782. mál.

Í 8. gr. um bygginarbréf segi:

"Gera skal þrjú samhliða frumrit af byggingarbréfi sem jarðeigandi og ábúandi rita nöfn sín undir í víðurvist tveggja vitundarvotta. Heldur jarðeigandi einu eintaki, ábúandi einu en **hið þriðja skal afhent sýslumanni til þinglýsingar.**"

Þetta er ekki rétt því sýslumaður á fá skjöl í tvíriti til þinglýsingar sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 39/1978 um þinglýsingar.

"Sá sem beiðist þinglýsingar, **skal afhenda (þinglýsingarstjóra) skjal í tvíriti, frumriti og samriti eða endurriti.** Það eintak, sem (þinglýsingarstjóra) er ætlað skal ritað á haldgóðan pappír, sem dómsmálaráðuneytið hefur löggilt í þessu skyni."

Orðalag 8. gr. gæti verið á eftirfarandi hátt: Heldur jarðeigandi einu eintaki en ábúandi tveimur eintökum sem hann skal afhenda sýslumanni til þinglýsingar og fær hann annað þeirra til baka stimplað um að þinglýsing hafi farið fram.

Virðingarfyllst,

Stefán Skarphéðinsson,
sýslumaður.

